

ÁRSSKÝRSLA FUGLAVERNDAR 2023

Efnisyfirlit

Um Fuglavernd og stjórn félagsins	2
Fjárhagur	4
Mannauður.....	7
Fræðsla	8
Viðburðir, fræðslugöngur og sýningar	8
Vefur og samfélagsmiðlar.....	9
Samstarf	10
Samstarf við RSPB.....	10
Samstarf við Evrópudeild BirdLife og norræn fuglaverndarfélag.....	10
Samstarf við íslenskar stofnanir og félag	11
Aðhald	12
Umsagnir og umvandanir	12
Annað aðhald	13
Rannsóknir og beinar aðgerðir	13
Umsjón með sérstökum svæðum.....	14
Hafnarhólmi.....	14
Friðlandið í Flóa	14
Vatnsmýrin	14
Efning félagsins.....	14
Styrkumsóknir.....	14
Fjölgun félaga	15
Endurskoðun á innra starfi Fuglaverndar	15
Lokaorð.....	16

Um Fuglavernd og stjórn félagsins

Fuglavernd eru óhagnaðar drifin náttúruverndarsamtök, sem stofnuð voru 1963. Í árdaga félagsins var áhersla lögð á verndun arnarins en í dag er tilgangur félagsins verndun fugla og búsvæða þeirra, með áherslu á tegundir í hættuflokkum á íslenskum eða alþjóðlegum válistum, auk tegunda sem teljast til ábyrgðartegunda Íslands eða eru lykiltegundir. Starfsemi félagsins einskorðast þó ekki við þessa hópa og eru engar fuglategundir eða -búsvæði undanskilin.

Félagið leggur áherslu á fagleg vinnubrögð og hefur í starfi sínu ávallt hliðsjón af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, sem og alla alþjóðlega samninga á sviði náttúruverndar sem Ísland hefur fullgilt eða skipta máli fyrir fuglafánu landsins.

Til að ná markmiðum sínum hefur félagið lagt áherslu á eftirfarandi atriði í starfsemi sinni:

- **Fræðsla** til almennings um fuglalíf landsins og hættur sem að því steðja.
- **Samstarf** við innlend og erlend fugla- og náttúruverndarsamtök og stofnanir, sem hafa svipuð markmið og Fuglavernd.
- **Rannsóknir** á fuglum og búsvæðum þeirra.
- **Aðhald** gagnvart stjórnvöldum landsins og öðrum aðilum í þeim málum sem lúta að markmiðum félagsins.
- **Beinar aðgerðir** í samræmi við markmið Fuglaverndar.
- **Umsjón** með mikilvægum fuglasvæðum sem félagið á beina aðild að, ýmist með sérstökum samningum eða eignarhaldi.
- **Efling** félagsins, meðal annars með fjáröflun og fjölgun félaga.

Helstu hlutverk stjórnar Fuglaverndar eru að móta stefnu félagsins, veita starfseminni eftirlit og að styðja við starfsemina eftir því sem unnt er. Fram að aðalfundi starfsársins 2023 var stjórn skipuð með eftirfarandi hætti:

Ólafur Karl Nielsen, formaður
Menja von Schmalensee, varaformaður
Daníel Bergmann, gjaldkeri
Trausti Gunnarsson, ritari
Erpur Snær Hansen, meðstjórnandi
Snæþór Aðalsteinsson, meðstjórnandi
Skarphéðinn G. Þórisson, meðstjórnandi

Aðalfundur Fuglaverndar 2023 var haldinn í sal Barðstrendingafélagsins þann 23. mars. Ólafur Karl Nielsen og Erpur Snær Hansen gengu þá úr stjórn og Menja von Schmalensee var kjörin formaður. Aldís Erla Pálsdóttir og Svenja Auhage komu nýjar inn í stjórnina. Stjórn félagsins var því frá aðalfundi 2023 skipuð með eftirfarandi hætti:

Menja von Schmalensee, formaður
Trausti Gunnarsson, varaformaður
Daníel Bergmann, gjaldkeri
Snæþór Aðalsteinsson, ritari

Skarphéðinn G. Þórisson, meðstjórnandi
Aldís Erna Pálsdóttir, meðstjórnandi
Svenja Auhage, meðstjórnandi

Skarphéðinn G. Þórisson lést svíplega af slysförum þann 9. júlí og er fjölskyldu hans og vinum vottuð innileg samúð. Enginn nýr stjórnarmaður kom í hans stað á starfsárinu.

Skoðunarmaður reikninga var Gunnlaugur Júlíusson og Jóhann Óli Hilmarsson til vara.


Árið 2023 fundaði stjórn samtals 8 sinnum. Fjórir fundir voru hefðbundnir stjórnarfundir, en þrír fundir um sérstök málefni. Þá var haldinn einn heilsdags vinnufundur stjórnar um stefnu, markmið og starfsreglur félagsins.




Fjárhagur

Tekjur félagsins á árinu voru samtals 54.376.907 kr. og samanstóðu fyrst og fremst af árgjöldum félagsmanna, en árgjald félagsins hækkaði um 10% frá árinu áður og er fyrir almennan félagsmann kr. 5.500, styrkjum frá Konunglega breska fuglaverndarfélaginu (RSPB), rekstrarstyrk frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, styrkjum frá einstaklingum, innlendum sem erlendum, söluhagnaði af verslun félagsins o.fl. og leigutekjum vegna útleigu hluta af skrifstofuaðstöðu félagsins. Einnig komu inn umtalsverðar tekjur í rekstur vegna verkefnastyrkja (1. mynd). Því miður veitti umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið enga verkefnastyrki til náttúruverndarsamtaka á starfsárinu, en slíkir styrkir hafa lengi verið félaginu mikilvægir. Lág fjárhæð kom þó til vegna verkefnastyrks sem fengist hafði áður.

Gjöld félagsins 2023 voru samtals 52.537.822 kr. Tveir stærstu útgjaldaliðirnir voru laun og launatengd gjöld starfsmanna og útgjöld vegna skilyrta styrkra. Aðrir liðir voru m.a. vegna rekstrar skrifstofu og verslunar, kaupa á þjónustu, ferða vegna samstarfs og kostnaður vegna svæða sem félagið ber ábyrgð á (2. mynd).



1. mynd. Skipting tekna Fuglaverndar árið 2023. Tekjur komu úr mörgum áttum en einstakir flokkar þeirra eru mjög misöruggir til lengri tíma lítið.




2. mynd. Gjöld Fuglaverndar árið 2023, skipt eins og í rekstrarreikningi. Langstærstu útgjaldaliðirnir komu til vegna launa starfsmanna og styrktra, tímabundinna verkefna.

Félagið á þrjár eignir. Um er að ræða skrifstofuhúsnæði á 2. hæð Hverfisgötu 105 í Reykjavík, sem félagið á að fullu, 70% eignarhluta í Hafnarhólma á Borgarfirði eystri og eignarhluta í Njarðvíkurlandi, hvort tveggja í sveitarfélaginu Múlaþingi. Allar eignir félagsins voru erfðagjafir.

Rekstur félagsins hefur oft einkenst af talsverðum sveiflum og óvissu um tekjur (3. mynd). Slíkt rekstrarform torveldar langtíma stefnumótun og getur skapað óryggi meðal starfsfólks. Mjög æskilegt væri að tryggja félaginu stöðugri og traustari tekjugrundvöll, t.d. með hækkun rekstrarstyrks frá hinu opinbera, enda hefur félagið löngu sannað gildi sitt og er starfsemi þess mikilvægur liður í náttúruvernd á Íslandi.






3. mynd. Tekjur Fuglaverndar frá 2014-2023, uppfært að verðlagi í desember 2023. Framlög (þ. á m. árgjöld) frá einstaklingum er mikilvæg og stöðug tekjulind fyrir félagið (bláir litir). Framlög frá hinu opinbera (fjólubláir litir) hafa sveiflast mikið milli ára og voru t.d. 37% af heildartekjum félagsins árið 2015 en einungis 6% árið 2023. Rekstrarstyrkur frá RSPB kom fyrst til félagsins 2015 og hefur fengist árlega eftir það, en óvíst er hvort slíkar styrkveitingar haldi áfram. Verkefnastyrkir hafa sveiflast mjög mikið og eru í eðli sínu mjög óstöðugir. Á heildina litið hafa heildartekjur félagsins aukist á síðustu árum, en þó ríkir mikil óvissa um fjárhag komandi ára og mikilvægt að styrkja betur fastan tekjugrunn félagsins, t.d. með tryggara fjármagni frá hinu opinbera.



Mannauður

Um áramót 2023-2024 voru skráðir félagsmenn 1.258 og er þá fjölskylduaðild tekin sem einn félagsmaður. Kynjahlutfall félaga er körlum í vil. Á félagaskrá 2023 voru 60% þeirra sem höfðu föður- eða móðurnöfn með kenninöfn sem enduðu á „son“ en 40% sem enduðu á „dóttir“. Hlutfall kvenna hefur hækkað jafn og þétt síðustu ár (4. mynd).



4. mynd. *Próun í fjölda félaga í Fuglavernd á árunum 2008-2023. Hlutfall félaga með kenninöfn sem enda á „dóttir“ hefur hækkað smám saman en fjöldi félaga með kenninöfnum sem enda á „son“ eru þó enn í meirihluta. Félagið reynir að stuðla markvisst að því að jafna kynjahlutfall meðal félaga.*

Launaðir starfsmenn voru fimm á árinu og skiluðu samtals 2,5 ársverkum:

- **Hólmfríður Arnardóttir, M.A.**, var framkvæmdastjóri félagsins í fullu starfi. Hún framfylgir stefnu stjórnar, ásamt því að sjá um og bera ábyrgð á daglegum rekstri félagsins.
- **Anna-María Lind Geirsdóttir, M.A.**, var skrifstofu- og kynningarstjóri í 60% starfi og sinnti m.a. verslun félagsins.
- **Brynja Davíðsdóttir, M.Sc.** vann að sérstöku verkefni tengdu sjófluglum ásamt verndun hafsvæðisins Naces sem heyrir undir OSPAR samninginn. Hún vann í 20% starfi allt árið.
- **Polina Moroz, M.Sc.**, og **Ásta Marý Stefánsdóttir, háskólanemi**, unnu í hlutastarfi á árinu við ELSP verkefni sem tók einkum til endurheimtar votlendis í Hvalfjarðarsveit.

Auk þeirra unnu stjórnarliðar, aðrir félagsmenn og samstarfsaðilar að ýmsum verkefnum tengdum starfsemi félagsins án þess að þiggja fyrir það greiðslur frá félaginu.

Fræðsla

Fræðsla til almennings um fugla og vernd þeirra er ein mikilvægasta undirstaðan í starfsemi félagsins. Á árinu stóð félagið fyrir ýmsum viðburðum, kom að sýningum og var sýnilegt á samfélagsmiðlum. Þá var einnig unnið að skrifum greina fyrir Fugla, tímarit félagsins, sem mun næst koma út snemma á árinu 2024.

Viðburðir, fræðslugöngur og sýningar

- **Garðfuglahelgin**, þegar almenningur er hvattur til að skrá fuglalíf í görðum, var haldin 27.-30. janúar. Fjöldi athugunarstaða var 53, fuglar sáust á 52 athugunarstöðum, alls sáust 17 tegundir og 3.133 fuglar.
- Þann 28. febrúar bauð Fuglavernd Haxa, félagi háskólanema í líffræði, í **vísindaferð** á skrifstofu Fuglaverndar þar sem sagt var frá starfsemi félagsins og fugla- og búsvæðavernd.
- Félagið stóð fyrir mjög metnaðarfullu **málþingi** um vindorkuver og áhrif þeirra á fuglalíf þann 21. mars, undir heitinu „Í upphafi skyldi endinn skoða“. Málþingið var haldið í Öskju, Háskóla Íslands, og var jafnframt aðgengilegt í beinu streymi. Aðsókn var framúrskarandi, en um 110 manns mættu í Öskju og um 200 manns fylgdust með í streymi. Uptaka af málþinginu er öllum aðgengileg á heimasíðu Fuglaverndar.
- Þann 23. mars var **aðalfundur** félagsins haldinn í sal Barðstrendingafélagsins.
- Árleg **garðfuglakönnun 2022-2023** stóð yfir frá lokum október 2022 til loka apríl 2023. Nítján einstaklingar skráðu þá hjá sér vikulegan hámarksfjölda fugla af hverri tegund í görðum sínum. Alls sáu þeir 48 tegundir, sem er næstmesti fjöldi tegunda frá upphafi könnunarinnar.
- Þann 4. maí var **myndasýningarkvöld** Canon og Fuglaverndar haldið í sal Origo, Borgartúni. Náttúruljósmyndararnir Daníel Bergmann og hinn finnski Markus Varesvuo sýndu fuglamyndir fyrir fullu húsi.
- Þann 6. maí stóð félagið fyrir **fuglaljósmyndun** í Friðlandinu í Flóa, þar sem þátttakendur fengu að spreyta sig með ljósmyndabúnaði frá Canon.
- Dagana 2., 4., 9. og 15. júní var opin **fuglaskoðun** með leiðsögn í Friðlandinu í Flóa.
- Sunnudaginn 18. júní héldu 13 félagar í **fugla- og votlendisskoðun** á Vesturland. Leiðsögumenn voru Polina Moroz og Jóhann Óli Hilmarsson. Farið var að Eiðisvatni og Laxá í Leirársveit, og í Grunnafjörð, einnig voru fuglar skoðaðir á Mýrum í Borgarbyggð en Fuglavernd hefur með öðrum fengið styrk til að skoða endurheimt vatnasviða á þessum svæðum.
- Fuglavernd var á **skrá góðgerðarfélaga** Laugavegs- og Reykjavíkumaraþons Íslandsbanka. Hlauparar gátu valið að hlaupa fyrir Fuglavernd og þiggja áheit. Að þessu sinni söfnuðust 100.000 krónur frá óþekktum hlaupara Laugavegsmaraþonsins.
- Frá miðjum ágúst fram í miðjan september hvatti Fuglavernd til **fýlsungabjörgunar** í Rangárþingi og Mýrdal og voru vanir sjálfboðaliðar þar í forsvari. Sjálfboðaliði frá RSPB dvaldi í viku í Vík í Mýrdal við björgun og merkingu á fýlsungum.
- Fuglavernd tók þátt í **Líffræðiráðstefnu** Líffræðifélags Íslands og samstarfsaðila, sem haldin var í Öskju 12.-14. október. Félagið var með bás í almenningsrými ráðstefnunnar, þar sem útgáfa og stefnumál félagsins voru kynnt.
- Þann 29. október hófst **Garðfuglakönnun 2023-24** og mun standa til 27. apríl 2024.
- Þann 2. nóvember var haldin **myndasýning** um farleið fugla um Texas með myndum eftir Sigmund Ásgeirsson og Edward Rickson, sem einnig var með framsögu.

- Þann 2. desember var Fuglavernd með **jólasöludaginn** sinn í Grasagarðinum og bauð jafnframt börnum og foreldrum þeirra upp á fuglaskoðun í garðinum.
- Þann 7. desember var **myndasýning** í sal Arionbanka ásamt **kynningu á bókinni** „Fuglarnir í borginni“ eftir Árna Árnason, féлага í Fuglavernd.

Vefur og samfélagsmiðlar

Fuglavernd heldur úti heimasíðunni www.fuglavernd.is, þar sem finna má mikið magn af upplýsingum um fugla og starfsemi félagsins. Félagið sér einnig um þrjár síður til viðbótar; www.protectpuffins.is, www.fuglarsins.is, sem er opin þegar það á við, og www.ffn.is, en sú síðastnefnda er enn í vinnslu.



Fuglavernd var virk á þremur samfélagsmiðlum á árinu, þ.e. Facebook, X (áður Twitter) og Flickr.

Félagið hefur lagt aðaláherslu á sýnileika á Fésbók fram yfir aðra samfélagsmiðla. Þar er bæði að finna síðu félagsins, sem og tvær aðrar síður sem félagið sér um (1. tafla).

Tafla 1. Fjöldi fylgjenda á Fésbókarsíðum Fuglaverndar í ársbyrjun og árslok, ásamt þróun í fjölda þeirra.

Heiti síðu	1.01.2023	31.12.2023	Breyting
https://www.facebook.com/Fuglavernd/	5490	5631	+10 %
https://www.facebook.com/groups/fuglafodrun/	5904	7160	+17 %
https://www.facebook.com/fridlandidivatnsmyrinni	367	371	+1 %

Á Twitter (X) síðu félagsins, <https://twitter.com/fuglavernd> voru fylgjendur 485 í lok árs og á Flickr síðu félagsins, <https://www.flickr.com/photos/fuglavernd/>, voru 19 fylgjendur í lok árs. Ljóst er að vannýtt sóknarfæri er hér að finna. Þá má geta þess að félagið heldur einnig úti YouTube síðu¹, þar sem finna má 15 myndbönd með upptökum af viðburðum félagsins og fleira.



¹ <https://www.youtube.com/channel/UC5z0paigl8ab-Dtc8p5yAFA>

Samstarf

Samstarf við innlend og erlend fugla- og náttúruverndarsamtök og stofnanir, sem hafa svipuð markmið og Fuglavernd, hefur um árabil verið mjög mikilvægt í starfsemi Fuglaverndar. Slíkt samstarf eflir til muna afköst félagsins og eykur fagmennsku. Á starfsárinu vó þyngst samstarf við Konunglega breska Fuglaverndarfélagið (Royal Society for the Protection of Birds, RSPB) og Evrópudeild BirdLife, en einnig var mikilvægt samstarf við norræn fuglaverndarfélag og íslenskar stofnanir, svo sem Landbúnaðarháskóla Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Umhverfisstofnun, Landgræðsluna, Hafrannsóknastofnun, náttúrustofur, rannsóknasetur Háskóla Íslands og fleiri aðila.

Samstarf við RSPB

Formlegt samstarf Fuglaverndar við RSPB hófst árið 2015. Samstarfið hefur verið mjög farsælt og tryggir meðal annars aðgang starfsmanna og stjórnar Fuglaverndar að sérfræðingum og sérfræðiþekkingu innan raða RSPB. Þar að auki hefur RSPB veitt rausnarlega styrki til Fuglaverndar til ýmissa verkefna. Á árinu var unnið að eftirfarandi samstarfsverkefnum:

- Möguleg sameiginleg aðkoma að Hringborði norðurslóðanna í október 2024
- Fundahöld með Skotlandsdeild RSPB til að læra af reynslu hvors annars.
- Undirbúningsstarf vegna endurheimtar votlendis á Suðurlandsundirlendi, sem styrkt er af Ecological Restoration Fund.
- Sjálfbóðaliði frá RSPB dvaldi vikulengt í Vík í Mýrdal við björgun og merkingu fýlsunga í ágúst-september.
- Wenceslas Gatarabirwa, yfirmaður erlendra tengsla hjá RSPB, heimsótti Ísland í apríl í þeim tilgangi að skoða möguleika fyrir alþjóðlegt samstarf um farleiðir fugla. Í þeirri heimsókn var meðal annars fundað með fulltrúum frá ráðuneytum og stofnunum.
- Styrkumsókn í LIFE sjóð Evrópusambandsins til endurheimtar búsvæða fugla (sjá nánar í kaflanum um eflingu félagsins).

Samstarf við Evrópudeild BirdLife og norræn fuglaverndarfélag

Á vegum Evrópudeildar BirdLife vinna fjölmargir starfshópar um afmörkuð efni, og tekur Fuglavernd þátt í nokkrum þeirra. Samstarf var helst á eftirfarandi sviðum:

- Þátttaka í starfshópi um fjáröflun.
- Þátttaka í starfshópi um sjófugla og verndun sjávar.
- Starf sem tengist farleiðum fugla (East Atlantic Flyway Initiative (EAFI)) og mikilvægum fuglasvæðum (Important Bird Areas (IBA)).
- Starf vegna eflingar NACES, sem er gríðarstórt verndað hafsvæði í Norður-Atlantshafi. Svæðið er mikilvægt fyrir margar sjófuglategundir, en um 5 milljónir sjófugla nýta það².

Þá heimsótti framkvæmdastjóri Fuglaverndar skrifstofu evrópusamtaka BirdLife í Brussel þar sem hún hitti nokkra samstarfsfélaga, þar á meðal framkvæmdastjóra BirdLife Europe, Ariel Brunner. Tilgangurinn var

² <https://www.birdlife.org/news/2023/06/30/naces-receives-full-protection-status/>

að minna á sérstöðu Íslands á Austur-Atlantshafsfarleiðinni og mikilvægi norðurslóða samfara hlýnun loftlags og að samtökin mættu leggja meiri áherslu á að styrkja starf á þessu sviði.

Framkvæmdastjóri Fuglaverndar fór á sameiginlegan fund norrænna fuglaverndarfélaga í Svíþjóð í maí. Þar voru ræddir mögulegir samstarfsfletir og sagt frá vel heppnuðum verkefnum og öðrum sem hefðu mátt betur fara.

Samstarf við íslenskar stofnanir og félög

Fuglavernd átti gott samstarf við fjölmarga innlenda aðila á árinu. Vegur þar þungt samstarf um styrkumsókn í LIFE-sjóð Evrópusambandsins til endurheimtar búsvæða fuglategunda sem eiga undir högg að sækja í Evrópu. Um viðamikilið ferli var að ræða, sem unnið var í samstarfi við Landbúnaðarháskóla Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Umhverfisstofnun, Landgræðsluna, Hafrannsóknastofnun og Samband íslenskra sveitarfélaga. Á tímabilinu voru haldnir fjölmargir samstarfsfundir en starfsmenn Konunglega breska fuglaverndarfélagsins og Landbúnaðarháskóla Íslands, ásamt ráðgjafa, báru hitann og þungann af umsóknarskrifum.

Félagið á mjög gott óformlegt samstarf við fjölbreyttan hóp íslenskra sérfræðinga víða um land. Vegur þar þungt aðkoma þeirra að tímaritinu Fuglum, sem sérfræðingar leggja efni til, en einnig leitar félagið oft til sérfræðinga um ráðgjöf vegna veiðistjórnunar, náttúruverndar eða dýravelferðar. Á árinu var helst um að ræða sérfræðinga hjá Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúrustofu Vesturlands, Náttúrustofu Norðausturlands, Náttúrustofu Suðurlands, Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Suðurlandi, Landgræðslunni, Landbúnaðarháskólanum, Umhverfisstofnun, Skipulagsstofnun og Matvælastofnun.

Einnig átti félagið fjölbreytt samstarf við þrenninguna í Laugardalnum; Húsdýragarðurinn selur kattakrafa, barmmerki og fræðslurit um fugla í umboði Fuglaverndar; Grasagarðurinn býður árlega upp á fuglatengda viðburði í samstarfi við Fuglavernd og Dýraþjónusta Reykjavíkur tekur á móti ábendingum frá Fuglavernd um særð dýr í Reykjavík.

Loks má nefna að Fuglavernd átti í farsælu samstarfi við Landvernd, meðal annars við gerð opinberra umsagna og/eða bréfa, en auk þess á Fuglavernd í samstarfi við VÍN, Vini íslenskrar náttúru, en tilgangur félagsins beinist sérstaklega að mögulegum áhrifum framandi tegunda á íslenska náttúru.



Aðhald

Fuglaverndar veitir stjórnvöldum og öðrum aðilum aðhald þegar kemur að málefnum fugla. Á árinu fólst það helst í skrifum opinberra umsagna og bréfa, ásamt þátttöku í nefndum og samráðshópum um afmörkuð mál.

Umsagnir og umvandanir

Fuglavernd sendi frá sér níu umsagnir og umvandanir vegna umhverfismála 2023: Öll erindin má lesa í fullri lengd á vef félagsins: https://fuglavernd.is/heim/um-fuglavernd/alyktanir_umsagnir/. Þetta voru:

- 1) **Viðbrögð íslenskra stjórnvalda við tilmælum Fastanefndar Evrópusáttmálans um vernd villtra dýra og plantna og búsvæða þeirra og hugsanleg neikvæð áhrif nýrra vegamannvirkja á og í grennd við verndarsvæði Breiðafjarðar.** Bréf sent 10. mars 2023 til Vegagerðarinnar, innviðaráðuneytis, umhverfis-, orku- loftslagsráðuneytis og Breiðafjarðarnefndar.
- 2) **Umsögn um breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015-2031 Hellissandur og Rif, sjóböð í Krossavík, Hellissandi, og nýtt deiliskipulag um Krossavíkurböðin á Hellissandi.** Sent 14. mars 2023 til Snæfellsbæjar.
- 3) **Aðgerðir gegn kríuvörpum á vegum Ísafjarðarbæjar.** Sent 5. júní 2023 til Ísafjarðarbæjar.
- 4) **Umsögn vegna máls nr. 144/2023 í samráðsgátt - Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 456/1994 um fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum, með síðari breytingum.** Sent 8. ágúst 2023 til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis.
- 5) **Umsögn Fuglaverndar um "Bann við hvalveiðum, 99. mál, lagafrumvarp ,154. löggjafarþing 2023–2024, þingskjal 99".** Sent 23. október 2023 til atvinnuveganefndar Alþingis.
- 6) **Umsögn Fuglaverndar um erindi Orkubús Vestfjarða um að veitt verði leyfi til virkunar vatnasvæðis friðlandsins í Vatnsfirði. Tilvísun í mál: UMH23020100.** Sent 9. nóvember 2023 til umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.
- 7) **Umsögn um tillögu til þingsályktunar um leyfi til veiða á álft, grágæs, heiðagæs og helsingja utan hefðbundins veiðitíma – 49. mál.** Sent 23. nóvember 2023 til skrifstofu Alþingis. Eftirfarandi þrír samstarfsaðilar Fuglaverndar sendu einnig athugasemdir vegna málsins: BirdLife International, The Wildfowl and Wetland Trust og RSPB Scotland.
- 8) **Veiðistjórnun rjúpu – Afstaða Fuglaverndar.** Sent 14. desember 2023 til Umhverfisstofnunar.
- 9) **Umsögn Fuglaverndar um "Áform um frumvarp til laga um vindorku". Mál nr. 251/2023.** Sent 20. desember 2023 til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis.

Annað aðhald

Fulltrúar Fuglaverndar gættu hagsmuna fugla á fundum í umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu vegna hugsanlegra neikvæðra áhrifa nýrra vegamannvirkja og vegna aðgerða vegna stöðu grágæsastofnsins.

Þá hefur Fuglavernd í fjölda ára setið í samstarfshópi um veiðistjórnun rjúpunnar. Árið 2023 var komið á formlegu samstarfi um stjórnunar- og verndaráætlun rjúpu til lengri tíma, undir stjórn Umhverfisstofnunar. Á árinu voru haldnir margir fundir. Fuglavernd tók einnig þátt í heilsdags vinnufundi um stjórnunar- og verndaráætlun fyrir lunda.

Rannsóknir og beinar aðgerðir

Á árinu fólust beinar aðgerðir og rannsóknir Fuglaverndar til verndar hagsmunum fugla helst í verkefnum sem miða að því að endurheimta votlendi og önnur vistkerfi.

Open Rivers Programme. Fuglavernd sótti um undirbúningsstyrk til Open Rivers Programme í samvinnu við Hafrannsóknastofnun, Landgræðsluna og RSPB seint á árinu 2022 og fékk styrkinn í janúar 2023. Open Rivers Programme hefur það að markmiði að endurheimta líffræðilegan fjölbreytileika og náttúrulega rennlishætti vatnsfalla í Evrópu. Hin eiginlega vinna byrjaði í mars 2023 og lauk í desember með skýrsluskrifum og framhaldsumsókn. Styrkurinn var veittur til að kanna möguleika á endurheimt búsvæða í lækjum, vötnum og votlendi fyrir fiska, fugla og aðrar lífverur á Mýrum á Vesturlandi. Í tengslum við verkefnið voru framkvæmdar mælingar á vatnsflæði, og rannsóknir á búsvæði silungs til að kortleggja mikilvæg hrygningarsvæði ásamt mælingum á fjölda silunga og ála á svæðinu.

Endangered Landscapes & Seascapes Programme. Á árinu fékkst styrkur til að skoða leiðir og þróa kostnaðar- og verkáætlun til að endurheimta land sem mögulega gæti staðið til boða í sveitarfélaginu Hvalfjarðarsveit. Jafnframt því að mæta óskum og kröfum hagsmunaaðila á svæðinu var í verkefninu lögð áhersla á líffræðilegan fjölbreytileika sem og félagsleg- og efnahagsleg áhrif. Hvalfjarðarsveit varð fyrir valinu vegna þess að þar er mjög fjölbreyttur hópur hagsmunaaðila auk þess sem Grunnafjörður í Hvalfjarðarsveit er Ramsarsvæði. Í verkefninu var lögð áhersla á að hægt yrði að yfirfæra þá reynslu sem skapaðist til annarra sveitarfélaga. Á vegum verkefnisins voru taldir fuglar á öllu svæðinu.



Umsjón með sérstökum svæðum

Fuglavernd hefur beina aðkomu að umsjón þriggja svæða, ýmist vegna eignarhalds, formlegra samstarfssamninga eða óformlegs samstarfs.

Hafnarhólmi

Fuglavernd er meirihlutaeigandi að Hafnarhólma á Borgarfirði eystri, en sveitarfélagið Múlaþing er meðeigandi. Hólminn komst í eigu félagsins með erfðagjöf árið 2018. Hafnarhólmi er einstaklega ríkur af fuglalífi og vinsæll áfangastaður ferðamanna, enda hægt að upplifa óvenjumikla nálægð við vinsælar tegundir eins og lunda. Ásamt lundanum er þó að finna fjölda annarra sjófugla í hólmanum, meðal annars verpur æðarfugl þar í ríkum mæli. Helga Erla Erlendsdóttir sinnir æðarvarpinu fyrir hönd Fuglaverndar. Félagið hefur tekið þátt í að útbúa fræðsluefni um fuglalíf hólmans. Árið 2023 komu um 47 þúsund ferðamenn í hólmann yfir sumarmánuðina. Á árinu var m.a. fundað með heimamönnum um ástand hólmans, gjaldtöku ferðamanna og fleira.

Friðlandið í Flóa

Fuglavernd gerði árið 1997 samstarfssamning við sveitarfélagið Ölfus um aðgengi og verndaraðgerðir í Friðlandinu í Flóa. Á árinu stóð félagið fyrir ýmsum aðgerðum í friðlandinu. Í mars komu sjálfboðaliðar og starfsmaður Árborgar fyrir brúm þar sem blautast er á gönguleiðinni. Í apríl sinntu 7 sjálfboðaliðar viðhaldi á fuglaskoðunarhúsi og öðrum mannvirkjum, ásamt að tína rusl og stíka gönguleið. Í júní var einnig dyttað að stikum, en þær voru svo teknar upp í október. Fuglavernd stóð fyrir fuglaskoðun með leiðsögn 2., 9. og 15. júní, og þann 4. júní var leiðsögn með starfsmenn Veðurstofunnar.

Vatnsmýrin

Fuglavernd hefur frá því 2010 átt í samstarfi við Reykjavíkurborg og Norræna húsið um viðhald votlendis í Vatnsmýrinni. Árlegur hreinsunardagur fór fram í vorblíðu 15. apríl. Alls mættu 18 manns. Tugir kílóa rusls var safnað og greinar voru lagðar á bakka tjarna til að verja fugla svæðisins fyrir ránfuglum.

Efling félagsins

Unnið var markvisst að eflingu félagsins á árinu, svo sem með styrkumsóknagerðum, aðgerðum til að fjölga félögum og endurskoðun á innra starfi félagsins.

Styrkumsóknir

Unnið var að stórrí styrkumsókn til LIFE-sjóðs Evrópusambandsins þar sem sjónum var beint sérstaklega að þremur fuglategundum, stelk, jaðrakan og lóuþræl, og að verndun og endurheimt búsvæða þeirra. Auk Fuglaverndar áttu Landbúnaðarháskóli Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Umhverfisstofnun, Landgræðslan, Hafrannsóknastofnun og Samband sveitarfélaga þátt í vinnunni að ógleymsdu Konunglega

breska fuglaverndarfélaginu (RSPB). Umsókn var skilað inn í september undir titlinum: *Full-scale recovery of the integrity and connectivity of Iceland's Lowland Peatlands: part of the European lifebelt in times of changing tides*. Fuglavernd fékk í gegnum RSPB hingað sérfræðing í umsóknarskrifum til að aðstoða hópinn við verkið.

BirdLife og RSPB fengu í sameiningu styrk frá Ecological Restoration Fund á árinu til að styðja við verkefni á Austur-Atlantshafsfarleiðinni, en um er að ræða endurheimtarverkefni sem fram fer á Íslandi, Englandi og í Gana. Styrkurinn er til tveggja ára. Framkvæmdastjóri Fuglaverndar fór haustið 2023 á ráðstefnuna „Power to the Peatlands“ í Antwerpen, þar sem samankomnir voru helstu sérfræðingar Evrópu í endurheimt votlendis.

Á árinu var einnig sótt um rekstrarstyrk frá umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytinu, ásamt tveim styrkum í Samfélagsjóð Landsbanka Íslands, annars vegar til að bæta heimasíðu félagsins og hins vegar vegna verkefnisins „Fugl ársins“.

Fuglavernd átti samtalið við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið varðandi möguleikann á því að þiggja styrk frá Wyss Foundation³ til innviðauppbýggingar innan þjóðgarðs á miðhálandinu ef stækkun hans yrði að veruleika en Wyss Foundation er bandarískur styrktarsjóður sem styrkir slíka uppbyggingu um allan heim. Fuglavernd gæti með aðstoð RSPB haft milligöngu um styrkinn. Niðurstaða í málinu lá ekki fyrir við árslok.

Fjölgun félaga

Félagið vann að fjölgun félaga á árinu, meðal annars með kynningarbás um félagið á Líffræðiráðstefnu Líffræðifélags Íslands og samstarfsaðila og í Grasagarði Reykjavíkur. Þá bauð félagið upp á möguleikann á gjafaaðild að félaginu, sem auglýst var á samfélagsmiðlum sem tilvalin jólagjöf fyrir fuglaáhugafólk og náttúruverndarsinna fyrir jólin 2023.

Endurskoðun á innra starfi Fuglaverndar

Á árinu hófst nokkuð umfangsmikil endurskoðun á innra starfi félagsins, með vinnu að setningu starfsreglna félagsins, endurskoðun á lögum félagsins og mótun afstöðu félagsins til ýmissa álitamála. Vinnunni mun ljúka 2024.

³ <https://www.wyssfoundation.org/>



Lokaorð

Eins og hér má sjá var starfsemi Fuglaverndar öflug og árangursrík á starfsárinu. Margt má þó enn bæta og má til að mynda gagnrýna hversu stór hluti starfsins er háður sjálfbærni og góðvild annarra aðila, en slík starfsemi er í eðli sínu sveiflukennd og óörugg. Nauðsynlegt er að efla grunnstoðir félagsins með tryggari grunnframlagi í rekstur þess og frekari uppbyggingu faglegs starfsmannaliðs.

Hólmfríður Arnardóttir og Menja von Schmalensee tóku skýrsluna saman fyrir hönd stjórnar

Allar ljósmyndir eru eftir Daníel Bergmann